

Mál nr. 11/2006

M og  
Vátryggingafélagið V h.f. v .A  
og Vátryggingafélagið X h.f. v. B

Árekstur bifreiða á Byggðavegi á bifreiðastæði Strax verlunar á Akureyri þ. 17.12.2005.

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 19.1.2006
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr.20 .06.
3. Tjónaskýrsla dags.17 .12.2006
4. Bréf viðkomandi vátryggingafélaga dags. 26.1. og 2.2.2006

**Málsatvik.**

Ökumaður A segir að hún hafi verið kyrrstæð á planinu við Strax verslunina og hafi drengur setið aftur í og verið að loka hurðinni þegar B hafi verið ekið af stað og á opna hurðina. Ökumaður B segir að svo virðist sem að hurðin hafi verið lögð utan í næstu bifreið þ.e. B og telur ökumaður að A beri alla ábyrgð á gjörðum farþega síns í umrætt sinn

**Álit.**

Ljóst er að B er ekið af stað án þess að ökumaður gæti nægjanlega vel að aðstæðum. Rétt þykir því að virtum öllum gögnum málsins að leggja alla sök á B

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík . 24.2.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.